

Skipulagsstofnun  
Matthildur B. Stefánsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 20. júlí 2018  
UST201806-328/B.S.  
10.05.06

**Efni: Frummatsskýrsla. Mat á umhverfisáhrifum - Ofanflóðavarnir –  
Patreksfjörður. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 20. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda frummatsskýrslu.

Ráðgert er að byggja tvo varnargarða ofan við Vatnseyri, sem kallaðir eru annars vegar Mýrargarður sem myndar fleyg og hins vegar Urðargarður sem verður samtengdur þver- og leiðigarður. Hér er um að ræða hluta snjóflóðavarna sem ýmist er hafin bygging á eða sem fyrirhugað er ofan Patreksfjarðar.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði verður um 17 ha að stærð og er efnispörf í garðana um 170.000 m<sup>3</sup>. Talið er að um 205.000 m<sup>3</sup> af umframefni falli til við framkvæmdina og mun það efni nýtast í síðari áfanga smjóflóðavarna en þær framkvæmdir munu hefjast áður en umræddum framkvæmdum lýkur þannig að ekki þurfi að koma til haugsetningar þessa efnis.


Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif umræddrar framkvæmdar verði sjónræn áhrif vegna breytinga á fjallshlíðinni ofan bæjarins. Ráðgert er að neðri flái garðanna verði með misjöfnum fláum til að draga úr sjónrænum áhurfum og einnig verði hugað vel að uppgræðslu garðanna og gróðursetningu trjágróðurs til að minnka sjónræn áhrif.


Umhverfisstofnun telur að reynslan hafi sýnt að unnt er að milda talsvert ásýnd snjóflóðamannvirkja með góðri landmótun og uppgræðslu.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtaslverð umhverfisáhrif í för með sér.

Stofnunin telur að í frummatsskýrslu sé gerð mjög ítarleg grein fyrir framkvæmdinni og sérstaklega er framsetning mannvirkja á ljósmyndum góð.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri